

FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. tölul. 4. gr.:

1. I-liður orðast svo: Rannsókn samgönguslysa, þ.m.t. málefni rannsóknarnefndar samgönguslysa.
2. Q-liður orðast svo: Samgöngustofu.
3. R- og s-liður falla brott.

2. gr.

Q-liður 2. tölul. 7. gr. fellur brott.

3. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 31. desember 2015.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.